

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 517.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 1 094.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 3 025.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 296.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 250.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 28 23. janúar 1979.

Samgönguráðuneytið, 3. mars 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 182.

4. mars 1980.

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á skreið
framléiddri á árinu 1979.**

Með skírskotun til laga nr. 72 18. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á skreið framléiddri á árinu 1979:

Þorskur:	U. S. \$ pr. lest fob.
Saga IG	6 242
Saga IM	5 953
Saga IP	5 615
Edda og Luna 30/50	4 698
Edda og Luna 50/60	5 431
Edda og Luna 60/up	5 578
Astra (Ítalía)	4 610
Astra og Polar	4 746
Ufsi:	
Astra og Polar	3 684
Keila:	
Astra og Polar	4 746
Ýsa:	
Astra og Polar	3 684
Langa:	
Astra og Polar	4 746

Verðbil verða 3½% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. mars 1980.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Kristín Magnússon.

6. mars 1980.

Nr. 183.

GJALDSKRÁ

fyrir leiðsögu við Ísland.

1. gr.

Gjald fyrir leiðsögn skips er miðað við brúttórúmllestastærð þess, og þá vegalengd, sem það siglir, ásamt djúpristu þess, sem er innifalin í meðfylgjandi töflu.

Fyrir hverja sjómílu, eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílum að og frá höfn eða stað, þar sem skipið hefur viðkomu, skal leiðsögumanni greitt samkvæmt meðfylgjandi töflu:

Fyrir skip allt að	500 br. rúml.	kr. 2 600
Fyrir skip frá	500—1000 br. rúml.	— 2 650
— — —	1000—1500 — —	— 2 750
— — —	1500—2000 — —	— 2 800
— — —	2000—3000 — —	— 2 900
— — —	4000—5000 — —	— 3 200
— — —	5000—10000 — —	— 3 600
— — —	10000—15000 — —	— 4 000
— — —	15000—20000 — —	— 4 500
— — —	20000—30000 — —	— 4 900
— — —	30000 og þar yfir	— 5 200

Greiðsla fyrir sjómílu eða brot úr sjómílu fram yfir áður nefndar 10 sjómílu skal vera:

Fyrir skip allt að	500 br. rúml.	kr. 600
Fyrir skip frá	500—10000 br. rúml.	— 700
Fyrir skip frá	500—5000 br. rúml.	— 700
Fyrir skip frá	5000—10000 br. rúml.	— 900
Fyrir skip frá	10000 og þar yfir	— 1 000

Minnsta gjald fyrir leiðsögu skal vera kr. 20 000.

Leggi leiðsögumaður skipi að eða frá bryggju, komi því fyrir eða losi það úr festum (mooring), skal hann fá fyrir það kr. 6 600 fyrir skip allt að 500 brúttórúmllestir, og kr. 600 fyrir hverjar 100 brúttórúmllestir skipsins fram yfir það.

Fyrir skip, sem sigla eftir fastri áætlun, lækka gjöldin um 25%.

2. gr.

Fari viðstaða skips í höfn eða viðkomustað fram úr 6 klst. á leiðsögumaður tilkall til biðpeninga fyrir þann tíma, sem viðstaðan fer fram úr 6 klst. á hverjum stað. Skulu biðpeningar miðast við kr. 2 500 pr. klst., þó ekki lengur en 8 klst. á hverjum sólarhring. Þar að auki ber leiðsögumanni frítt fæði og hvíldaraðstaða fyrir sig og aðstoðarmenn.